# LOKAÐ MEÐ BÓKUN

Málnr.: **2015-067-F-013**

Dags: **4. júlí 2015**

Staður: **Á flugi yfir Grænlandssundi á leið til Keflavíkurflugvallar**

Lýsing: **Flökkt á olíuþrýstingi**





Flugmaður á einshreyfils flugvél, N155BJ, af gerðinni Falco, var í ferjuflugi á leið frá Grænlandi til Íslands. Þegar hann átti um það bil tveggja klukkustunda flug eftir til Keflavíkurflugvallar varð hann var við hækkandi olíuhita á hreyflinum og að olíuþrýstingur var ekki eðlilegur (flöktandi). Um það bil 10 mínútum fyrir lendingu á Keflavíkurflugvelli hafði olíuþrýstingur fallið alveg niður en lending og akstur í hlað voru þó möguleg. Við rannsókn kom í ljós að los hafði komið á kveikju sem olli olíuleka, en hreyfillinn hafði nýlega verið yfirfarinn. Eftir viðgerð og reynsluflug frá Keflavíkurflugvelli var flugvélinni flogið áfram á áfangastað.

Rannsóknarnefnd samgönguslysa lokaði málinu með bókun þann 31. desember 2015.